

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1967.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1967, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 15 000.00
II. flokkur	— 12 000.00
III. flokkur	— 9 000.00
IV. flokkur	— 6 000.00
V. flokkur	— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Ingólfs apótek,
Laugavegs apótek,
Lyfjabúðin Iðunn.
- III. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Stjörnu apótek,
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,
Akureyrar apótek,
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Vestmannaeyja,
Garðs apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Sauðárkróks apótek,
Selfoss apótek.
- V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Ísafjarðar apótek,
Húsavíkur apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. desember 1967.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. september 1967.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar hafa eftirfarandi reglur verið settar um umferð á Akureyri:

- I. Norðurgata verður aðalbraut.
- II. Glerárgötu frá Geislagötu að Glerárbrú hefur verið skipt í akreinar.
- III. Bifreiðastöður eru bannaðar á Glerárgötu.

Umferðarmerki hafa verið sett upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 4. október 1967.

Ófeigur Eiríksson.